

Ein af Goyerskunum: „Enginn getur slitið okkar bönd."

ir hommar. Krítikin já. Nei, það er bezt að fara ekki að gizka á neitt.


Sú fimmta heitir: „Gott er að þeir hafa ekki fleiri limi." Hér er mikið at og menn kútveltast allavega og skrifa, mála, höggva, syngja og hver veit hvað. Kannski þetta sé það, sem stundum er nefnt „gróskan í menningarlífinu" og sumir kjósa að kalla dugnað fúskaranna.

Sú sjötta heitir: „Asninn ræður för." Goya notaði stundum asna til undirstrikunar á karakter knapans, og þótt asninn sé ekki íslenzk skepna, þá hefur hann táknræna þýðingu hér eins og raunar flest í þessum myndum. Undirtitillinn á spænsku: „Pesadilla de la vieja verde" gerir málið torráðið, því hann útleggst: „Plágan sú gamla, græna." Maður getur sér þess til að plágan sé sú, sem á asnanum ríður og líklega fáum til góðs. En hún er ánægð með sig á asnanum og líklega gulltryggt að hún dettur ekki af baki. Græna kellingin er í rauninni bara sæt, — henni finnst það að minnsta kosti, með þennan líka fína hatt.

En ekki er nokkur lifandi leið að láta sér detta í hug, hver þetta á að vera. Þannig er það bezt; það ósagða skiptir ævinlega mestu máli.

Þvílíkar Goyerskur. Ég sé þær í anda í bönkunum, — bankarnir eru jú þær stofnanir sem einna helst kaupa stórar og góðar myndir á sýningum. Mér finnst samt líklegt, að Baltasar láti Listasafn Íslands ganga fyrir, enda er það við hæfi.

GÍSLI SIGURÐSSON



Því er ekki að neita að gömlu lengdarmálin, þótt skemmtileg væri þeirra fjölbreytni, voru hin mesta grautargerð, víðast hvar og ekki sízt í ensku máli, og það er einmitt þar, sem breytingarnar þurfa að gerast og þær hafa þá síðan áhrif um allan heim.

Englendingar búa enn við inches, hands, spans, feet, yards, fathoms, rods, cable-length, links, chain, furlongs, miles (statute og nautical) og leagues.

Sjálfir áttum við Íslendingar þokkalegan graut af lengdareiningum eins og þumlung, fingur, lófa, þverhönd, spönn, fet, alin, skref, kvartil, faðm og vegalengdir á landi voru bæjarleið og þingmannaleið en á sjó vikur, tylftir og dægur og kann ég ekki allt það að nefna, sem notað var fyrrum og á hinum ýmsu tímum til lengdarmælinga ýmiss konar.

Margar hinna fornu lengdarmælieininga okkar til forna eru aldauða en aðrar líflitlar, en geta tórt lengi í orðatiltækjum svo sem að þumlungast áfram, spönn frá rassi, þverhandar síða og svo framvegis, og sum eru enn við góða heilsu, svo sem fet í timburmælingum og faðmur í sjómannamáli og oft áætla menn enn lengd með því að skrefa hana.

Þessi gömlu lengdarmál eru þægileg enn að því leyti að mælitækið er alltaf við höndina en ókosturinn er náttúrulega ónákvæmnin, sem ekki hentar nútímanum og breytileg merking með hinum ýmsu þjóðum. Það gerði gamla kerfið í raun illnothæft þegar viðskipti tóku að aukast með þjóðum. Þumlungurinn var upphaflega lengd þriggja maltkorna, en fetið jafnt fótlengd kóngsins, og það var svo sem eðlilegt að þessar mælieiningar væru á reiki.

Enskt fet er t.d. ekki nema 0,305 metrar en íslenzkt (danskt) 0,314 metrar. Mílulengdin var einnig margvísleg með þjóðunum, ensk landmíla er 1609 metrar en dönsk 7532, svo dæmi sé nefnt.

Þá er metrakerfið miklu þægilegra en gamla kerfið að því leyti að metrakerfið byggir á **tugakerfinu,** tíundu pörtum. Þess vegna vilja margir ákaft kasta gamla gráðukerfinu og hafa hringinn 400 gráður. Sama er að segja um tímamælinguna. Menn vilja koma henni í tugakerfið.

Þá vilja menn einnig í Bandaríkjunum og Bretlandi flýta sér að taka upp tugakerfið í þungavigt bæði fljótandi og fastri. Í báðum löndunum eru þessi mælikerfi mjög flókin og má þar nefna, það sem okkur Íslendingum kemur nú mest við, að á brezka fiskmarkaðnum eru mælieiningar stone, kits og baskets og enn eru í gangi bæði hjá Bretum og Bandaríkjamönnum short ton (2000 lbs) og long tons (2240 lbs) og loks nú metric ton (2204,6 lbs).

Þessar miklu verzlunarþjóðir hafa nú tekið upp tugakerfið í peningamynt og metrakerfið er að ryðja sér til rúms.

Það er nauðsynlegt að þetta gerist, en leiðinlegt er að missa alla fjölbreytnina í gamla málinu og auðvitað er þetta eitt skrefið enn í áttina til vélmennisins. Við kveðjum því faðminn með söknuði.

Ásg. Jak.

ÚR MÍNU HORNI

Heimssagan og okkar heimamenn

Þeir Sem Stefnunni Réðu

Það er undarlegur sannleikur, að þótt sagan sé rituð af okkur sjálfum lesum við hana ekki með eigin augum. Það gera afkomendur okkar í þriðja og fjórða lið. Síðustu daga hef ég farið yfir síður bókar, sem heitir Þeir settu svip á öldina. Ritstjóri og höfundur eins þáttanna er Sigurður A. Magnússon rithöfundur. Mikið rit og að sjálfsögðu fróðlegt. Ekki ætla ég hér að fjalla að ráði um þessa bók. Ég er ekki til þess ráðinn og rúm mitt takmarkað, jafnvel stilli ég mig um að segja, hvað ég hugsaði á meðan bókin var í mínum húsum. En það, sem stendur á þessu blaði, er þó vakið af lestri hennar. Hins verður þó að geta, að mér virðist hér rita nokkuð einsýnir menn um goð sín. Stefnur og straumar í íslenskum stjórnmálum eru ekki krufin til mergjar, ekki varpað nýju ljósi á menn og málefni. Til þess hefur ekki verið ætlast.

Á Íslandi er ritað um fallna stjórnmálamenn sem óskeikul gáfnaljós og ofurmenni.

Heimssagan Lesin á Milli Línanna

Þórarinn Tímaritstjóri er einn af höfundum þessarar bókar. Ég get þess ekki vegna þess að hann riti öðruvísi en hinir, heldur af öðru tilefni. Ég hef áður borið lof á hann fyrir greinar þær um erlend málefni, er hann hefur ritað og birt í blaði sínu. Mér virðist þær gagnlegri og heiðarlegri blaðamennska en við eigum yfirleitt að venjast. Vissulega rita fleiri en hann ágætar greinar um þessi efni. En á því hef ég lengi furðað mig hvernig Þórarni hefur tekist að láta eigin skrif um þessi mál verða áhrifslaus á eigin pólitíska breytni sína og annarra framsóknarmanna. Mér og vonandi fleirum hafa komið þessar yfirlitsgreinar vel og gert okkur fært að lesa á milli línanna í almennum fréttum fjölmiðlanna.

Hér hafa fæstir almennir blaðalesendur aðgang að erlendum ritum sem birta greinar um alþjóðamál. Á síðustu árum hafa t.d. komið út í Bandaríkjunum merkisbækur um forseta þeirra s.s. Eisenhower, Kennedy og Nixon, svo einhverjir séu nefndir, sem varpa nokkuð öðru ljósi á feril þeirra og pólitík en samtímafjölmiðlar gerðu. Auðvitað geta slíkar bækur verið varhugaverðar, en þar koma þó alltaf fram nokkrar áður ókunnar staðreyndir, sem athugulir lesendur hafa gagn af að kynnast.

Þegar Farþegaflugvélin Var Skotin Niður

Ég var staddur í Svíþjóð síðsumars á síðasta ári þegar miklir hörmungaatburðir gerðust við austurlandamæri Sovétríkjanna, fréttir af því skóku alla heimsbyggðina. Ég á þá auðvitað við það mikla hernaðarslys, þegar hundruð manna fórust vegna skothríðar sovétmanna á farþegaflugvél, sem flaug yfir þýðingarmikla herstöð þeirra. Heimspressan og stjórnmálamenn vesturheimsins notuðu að sjálfsögðu sitt stærsta letur og sterkustu orð.

Utanríkisráðherra Sovétríkjanna var spurður um það, hvort þetta gæti ekki haft afdrifarík áhrif á heimsmálin. Nei, ekki hélt hann það. Þetta verður fljótt að gleymast.

Auðvitað sagði hann og samherjar hans margt fleira en þessi orð urðu mér minnisstæðust. Svona hugsa og tala stjórnmálamenn. Ekki aðeins í austri, heldur um allan heim. Sjálf látum við okkur ekki svo mjög bregða við, þótt eitt hundrað, fleiri eða færri menn, séu myrtir, jafnvel píndir til dauða, víðsvegar um heim, svo að segja í hverri viku vegna aðgerða eða að fyrirmælum stjórnmálamanna. Fjölskyldur þeirra, sem missa þó ekki sé nema einn mann og kannski allar eigur sínar, gleyma þessum og þvílíkum atburðum aldrei.

Vissulega voru allir í Svíþjóð harmi lostnir og ótta slegnir haustdagana í fyrra og heimtuðu skýringar á þessu voðaverki. Ég sá líka fljótt blöð að heiman, og gat því gert mér ljóst, hvernig hér hafði verið brugðist við. Kannski skáru okkar fjölmiðlar sig ekki mikið úr, en þó.

Í Svíþjóð gerðist ég áskrifandi tveggja borgaralegra blaða og las þau þær vikur, sem ég var í landinu. Það var málgagn frjálslyndra, Dagens Nyheter, og hægri manna, Svenska Dagbladet. Á forsíðum voru þar stóryrði, eins og hér á Íslandi, en þar birtust líka fljótt greinar, sem lýstu sjónarmiðum sovétmanna og því, hve hættulegan ögrunarleik Bandaríkjamenn höfðu leikið mánuðum saman í lofthelgi Sovétríkjanna. Á þessum slóðum hafði því ríkt múgsefjaður ótti.

Jón úr Vör